

**Mál nr. 185/2010**

**M**  
**og**  
**vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B**  
**og**  
**vátryggingafélagið Y v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A.**

**Árekstur á Smiðjuvegi í Kópavogi við innakstur að húsi nr. 76 þann 20.5.2010.**

**Gögn.**

1. Málskot, mótttekið 19.4.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 5.7.2010.
3. Bréf X, dags. 9.7.2010.

**Málsatvik.**

Bifreiðunum A og B var ekið norður (niður) Smiðjuveg og var A ekið á undan B. Er A var beygt til hægri áleiðis að húsi nr. 76 rákust saman aftanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, rigning og blautt færi þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvað beygjuna inn á bifreiðastæði við Smiðjuveg 76 vera þrönga svo hann hafi tekið svolítið víða beygju, fyrst til vinstri og síðan til hægri. Þá hafi högg komið á hlið A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á um 50 km hraða á klst. Hann hafi hemlað, er ökumaður A hafi tekið víða beygju. B hafi síðan runnið á A. Ökumaðurinn kvað engin stefnuljós hafa logað á A.

**Álit.**

Aðstæður á vettvangi hafa verið athugaðar. Á Smiðjuvegi er ein akrein til norðurs, en á móts við Smiðjuveg 76 verða akreinarnar tvær til norðurs þar sem tveggja akreina hringtorg er framundan. Samkvæmt 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 16. gr. laganna, skal taka hægri beygju inn á bifreiðastæðið við Smiðjuveg 76 sem næst hægri brún akbrautar og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Ekkert liggur fyrir um það að ökumaður A hafi ekki átt tök á að taka beygjuna eins og hér er mælt fyrir um. Varð því misbrestur í þessum efnunum hjá ökumanni A. Eins og málið liggur fyrir verður að telja ósannað að A hafi gefið stefnumerki til hægri áður en hann beygði, en slíkt var sérstaklega brýnt með tilliti til þess hvernig hann tók beygjuna. Ökumaður A á því sök á árekstrinum. Áreksturinn varð þar sem akbrautin skiptist í tvær akreinar. Þar voru ekki skilyrði til að aka fram úr A hægrar megin jafnvel þótt ökumaður hennar hafi tekið víða beygju. Hefur ökumaður B ekið óþarflega nærri A og með því brotið gegn 3. mgr. 14. gr. ufl. Á hann því einnig sök á árekstrinum. Að öllu framangreindu virtu þykir rétt að skipta sök til helminga.

**Niðurstaða.**

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 10. ágúst 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.